

Fréttatilkynning, 16. febrúar 2010

Nordic cleantech Open – Frumkvöðlakeppni Norðurlandanna hefst á Íslandi

Sameiginleg frumkvöðlakeppni Norðurlandanna, Nordic Cleantech Open, verður formlega sett á Íslandi í lok mars. Undirbúningur og umsjón keppinnar er í höndum Venture Cup í Danmörku, Cleantech Scandinavia í Svíþjóð og Innovit á Íslandi. Að auki eru samstarfsaðilar að keppninni frá Noregi, Finnlandi og Bandaríkjunum. Það er Norræna Nýsköpunarmiðstöðin (NICe) sem nú hefur tryggt grunnfjármögnun keppinnar með stuðningi sem nemur um 106 milljónum króna en að auki koma bæði opinberir aðilar og einkaaðilar í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi nú að fjármögnun keppinnar.

Keppninni verður formlega hleypt af stokkunum á Íslandi þann 26. mars nk. á einni stærstu alþjóðlegu frumkvöðlaráðstefnu sem haldin hefur verið hér á landi, MIT Global Startup Workshop, sem skipulögð er af Háskólanum í Reykjavík í samvinnu við MIT háskóla og Innovit.

Tilgangur keppinnar er að setja á fót eins stærstu frumkvöðlakeppni á sviði grænnar orku og umhverfistækni í heiminum og að stimpla Norðurlöndin inn sem leiðandi svæði í heiminum á sviði umhverfissvænnar tækni og orku. Sérstök áhersla verður lögð á að styðja við nemendur, háskóla og fyrirtæki sem stunda rannsóknir á umhverfissvænum lausnum. Keppnin verður opin fyrir jafnt sprotafyrirtækjum á byrjunarstigum sem og þeirra sem eru töluvert lengra komin og eru að leita að fjármagni til alþjóðlegrar uppbyggingar.

“Það er mikil alþjóðleg viðurkenning á því starfi sem við höfum byggt upp hjá Innovit að fá þennan stuðning frá Norrænu Nýsköpunarmiðstöðinni ásamt okkar samstarfsaðilum. Við teljum að þessi keppni geti orðið afdrifaríkur þáttur í því að kynna Ísland fyrir alþjóðlegum fjárfestum sem land hreinnar orku og umhverfistækni.” – Andri Heiðar Kristinsson

Nánari upplýsingar á Íslandi veitir:

Andri Heiðar Kristinsson, framkvæmdastjóri Innovit, andri@innovit.is, s: 697-5982.

Um Innovit

Innovit er nýsköpunar- og frumkvöðlasetur fyrir kraftmikið og metnaðarfullt fólk með góðar viðskiptahugmyndir þar sem lögð er megináhersla á viðskiptatækifæri sem spretta úr starfi íslenskra háskóla. Innovit var stofnað af stúdentum árið 2007 og er einkarekið frumkvöðlasetur sem rekið er í almannabágu.

Meginmarkmið Innovit er að auka þátt háskólamenntaðra einstaklinga í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og stuðla að fjölgun sprotafyrirtækja í þekkingariðnaði. Í því skyni er lögð megináhersla á að skapa kraftmiklu og vel menntuðu fólk fyrsta flokks umgjörð til að byggja upp tengslanet, sækja sér þekkingu og öðlast reynslu í stofnun og rekstri nýrra fyrirtækja.